



Fundargerð

1458. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
7. mars 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana.

* * *

1. Barnvænt sveitarfélag - hagsmunamat (2020021548)

Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags mætti á fundinn og fór yfir verkferil frá öðru sveitarfélagi sem hefur innleitt hagsmunamat barnvæns sveitarfélags inn í ákvörðunartöku innan stjórnarsýslu sinnar.

Bæjarráð felur Aðalheiði Júlírós Óskarsdóttur að útbúa verklag sem tekið verði til reynslu í umhverfis- og skipulagsráði og menntaráði út árið. Margrét A. Sanders situr hjá og telur að með setu fulltrúa ungmennaráðs í nefndum sé verið að uppfylla skilyrði um rödd ungmenna í ákvörðunum sveitarfélagsins.

2. Brú lífeyrissjóður - tryggingafræðilegt endurmat (2024020452)

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs, mætti á fundinn.

Lagt fram álit frá reikningsskila- og upplýsinganefnd um færslu tryggingafræðilegs endurmats Brúar lífeyrissjóðs í bókum sveitarfélaga.

3. Kosningagögn frá Hagstofu Íslands - sérvinnsla (2024010180)

Lögð fram beiðni um fjármagn kr. 150.000 vegna sérvinnslu frá Hagstofunni á kosningabátttöku í fyrri kosningum í Reykjaneshæ.

Bæjarráð samþykkir beiðnina, fjármagn tekið af bókhaldslykli 11-100.

4. Aðalfundur HS Veitna hf. 13. mars 2024 - fundarboð (2024030023)

Lagt fram aðalfundarboð HS veitna hf.

Bæjarráð tilnefnir í stjórn Andra Frey Stefánsson, Friðjón Einarsson, Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur og Margréti Sanders.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur formanni bæjarráðs að fara með atkvæði Reykjanesbæjar.

5. Bílastæðasjóður Reykjanesbæjar - drög að samþykkt (2022100414)

Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn.

Lögð fram drög að samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjanesbæjar.

Formaður bæjarráðs óskar eftir umsögnum frá fulltrúum bæjarráðs.

6. Lýðveldið Ísland 80 ára - samstarf við sveitarfélög (2024030022)

Lagt fram bréf frá forsætisráðuneytinu þar sem kynnt er dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024.

7. Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu - Konvin Car Rental ehf., Kliftröð 11 (2024020481)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

8. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 14. mars 2024 - fundarboð (2024010547)

Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur formanni bæjarráðs að fara með atkvæði Reykjanesbæjar.

9. Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 11. janúar og 22. febrúar 2024 (2024030007)

Lagðar fram fundargerðir svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja til kynningar.

10. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Suðurnesja 25. janúar og 29. febrúar 2024 (2024030003)

Lagðar fram fundargerðir Brunavarna Suðurnesja til kynningar.

11. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. febrúar 2024 (2024010369)

Lögð fram fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.